

að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin málflytningislaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði verður ekki víttur, og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærða, Jóni Ólafssyni, ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningislaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra. Dómnum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 35/1892:

Híð opinbera

gegn

Ólafi Íngimundarsyni.

D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 16. júlímán. þ. á., var hinn kærði, Ólafur Íngimundarson í Bygggarði í Seltjarnarnesshreppi, dæmdur fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykkt fyrir Rosmhvalanesshrepp o. fl. hreppa sunnanvert og austanvert við Faxaflóa, og Reykjavíkurbæ, 8. des. 1890, í 60 kr. sekt til fátækra sjóðs Rosmhvalanesshrepps, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað. Þessum dómi hefur að beiðni hins kærða verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins kærða og öðrum skýrslum í málinu sannað, að hann lagði rúmlega 3 net í sjó 24. marz þ. á. fram undan Leirunni í Rosmhvalanesshreppi, og er hann 26. s. m. vitjaði um þau, var nokkur affli af þorski í þeim, en ekki hefur enn sannast, hve mikill. Það er einnig í málinu sannað, að net þau, er hann lagði, voru þorskanet, og er það því þýðingarlaust fyrir úrslit þessa máls, að hinn kærði hefur borið, að hann hafi lagt netin fyrir hrognkelsi.

Hinn kærði hefur því brotið gegn 1. gr. ofanefndrar samþykktar, og virðist sekt sú, sem hann eptir 2. gr. samþykktarinnar hefur til unnið, af undirdóm-aranum eptir atvikum hæfilega metin 60 kr., og með því að yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði lögreglurjettardómsins, ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Svo ber hinum kærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Kærði, Ólafur Íngimundarson, á að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, yfirjettarmálflytningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birting hans; ella sæti hinn kærði aðför að lögum.

Nr. 29/1892:

E. Egilsson

gegn

sýslumanninum í Kjósar- og Gull-
bringusýslu, Franz Siemsen.

D ó m u r :

Hinn 21. maí f. á. fjekk áfrýjandinn til láns hjá sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu 300 kr., og gaf hann út skuldabréf fyrir láninu sama dag, og skuldbatt sig í því til að endurborga lánið í sama mund árið eptir, ásamt 4^o/_o vöxtum af því, en til tryggingar skaðlausri borgun á höfuðstól og vöxtum veðsetti hann næst eptir 3800 kr. eign sína »Gardana« með öllum tilheyrandi húsum. Með því að lán þetta með vöxtum og þinglestursgjaldi var enn óborgað 4. júlí þ. á., krafðist sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu (hinn stefndi) þess í bréfi til bæjarfógetans í Reykjavík, dags. nefndan dag, að fjárnám væri gjört fyrir skuldinni og fjárnámskostnaði í hinni veðsettu eign samkvæmt lögum 16. des. 1885, og fór fjárnám þetta síðan fram að undangenginni löglegri tilkynningu til áfrýjanda, sem býr á hinni veðsettu eign, hinn 18. júlí næst á eptir.

Áfrýjandinn hefur nú með stefnu, útgefinni 29. júlí þ. á., áfrýjað fjárnámsgjörð þessari til yfirdómsins, og krafizt þess, að hún verði dæmd ógild og ómerk og að stefndi verði dæmdur til að borga sjer allt að 300 kr. fyrir »Tort og Creditspilde«, svo og málskostnað að skaðlausu eða eptir yfirdómsins mati. Hinn stefndi hef-